

Móttökunámskeið 2 í hóp fimleikum - Vestmannaeyjar -

Laugardaginn 20. desember fer fram Móttökunámskeið 2 í hóp fimleikum.

Námskeiðið fer fram í íþróttahúsinu í Vestmannaeyjum.

Kennari er Kristinn Þór Guðlaugsson.

- Ætlast er til að þjálfarar sem sækja þetta námskeið séu búnir að taka Móttökunámskeið 1, Þjálfaranámskeið 1A, 1B og 2A
- Námskeiðið er framhald af móttökunámskeiði 1. Farið er yfir móttökutækni í flóknari æfingum sem kenndar eru á dýnu og trampólíni í hóp fimleikum.
- Á dýnu verður farið í araba – flikk – straight með skrúfum og tvöfalt heljarstökk.
- Á trampólíni, tvöföld heljarstökk með snúningum, yfirlag framheljar og TSU á hesti.
- **Þátttakendur eru beðnir um að mæta með 2-3 nemendur á námskeiðið til að sýna og æfa móttökur.**
- Námskeiðinu lýkur með verklegu prófi á báðum áhöldum sem fer fram 6-8 vikum eftir námskeiðið.
- Lágmarksfjöldi á námskeiðið er 8 manns.

Skráning er opin í leyfiskerfi FSÍ til 16. desember, skráning lokar kl.23:59 þann dag.

Námskeiðisgjald er 15.000 kr